

# Afgreidd mál

## 1. Reikningar Bændasamtaka Íslands

Fjárhagsnefnd búnaðarþings leggur til að búnaðarþing 2010 samþykki reikninga Bændasamtaka Íslands og Nautastöðvar BÍ eins og þeir liggja fyrir á þingskjali 1.

Fanney Ólöf Lárusdóttir, Gísli J. Grímsson, Guðmundur Bjarnason

## 2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2010

Búnaðarþing 2010 samþykkir fjárhagsáætlun Bændasamtaka Íslands og Nautastöðvar BÍ eins og hún liggur fyrir.

Fanney Ólöf Lárusdóttir, Gísli J. Grímsson, Guðmundur Bjarnason

## 3. Varnarlínur vegna búfjársjúkdóma

### 1. Erindi frá Búnaðarsambandi Austur-Skaftfellinga

Varðandi niðurfellingu á varnarlínunni við Hornafjarðarfljót

Stjórn og búnaðarþingsfulltrúi Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga skora á búnaðarþing að það beiti sér fyrir að lokað verði aftur á milli fyrrum Suðursveitarhólfs og fyrrum Suðurfjarðahólfs og mæla eindregið með því að girðing verði reist þar sem Austurfljót Hornafjarðarfljóta runnu áður.

#### Greinargerð

Suðursveit, sem er næsti hreppur austan við Örfæfin, hefur fram að þessu verið laus við garnaveiki. Nýlega greindist þó garnaveiki á austasta bænum Skálafelli þar sem fé gengur saman við fé úr Mýrahreppi. Garnaveikin hefur verið til staðar í Mýrahreppi um árabíl sem var í Suðursveitarhólfi og í Nesjahreppi sem var í Suðurfjarðahólfi. Einnig gengur hluti af fé úr Nesjunum í sumarhögum í Álftafirði þar sem möguleiki er á að það gangi saman við fé ofan af Héraði og af Suðurfjörðunum. Þegar Suðurfjarðahólf og Suðursveitarhólf hafa verið sameinuð er ekkert sem bannar bændum að versla með fé sín á milli og flytja fé í hagagöngu á milli gömlu hreppanna í Austur-Skaftafellssýslu að Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi. Um leið og Hornafjarðarlínan féll í haust voru ær fluttar úr Nesjunum til hagagöngu á Mýrunum og einhverjar af þeim hafa mjög líklega verið í sumarhögum í Álftafirðinum. Þetta veldur stjórn Búnaðarsambandsins áhyggjum ekki síst í ljósi þess að Örfæfahólfið er sölusvæði líflamba og er því aukin áhætta á að sjúkdómar berist þangað. Örfæfin eru vinsælt sölusvæði líflamba og undanfarin 3 haust hafa 300-400 lömb verið seld þaðan á hverju hausti á fjárskiptasvæði. Mikið öryggi er fyrir bændur í Örfæfum að riða hafi ekki greinst í næstu hólfum austan og vestan við þá. Með því að opna á milli hólfa eykst hættan á því að riðan berist lengra vestur.

### 2. Erindi frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarnesþings Varnargirðingar

#### Markmið

Búnaðarþing 2010 beinir því til Mast (Matvælastofnunar) að fara eftir þeim lögum og reglum sem gilda um varnargirðingar.

#### Leiðir

Að tryggja fjármagn til viðhalds girðinganna.  
Að fjarlægja þær girðingar sem aflagðar eru.

## **Framganga**

Ályktun send til Mast.

### **Greinargerð**

Mast ber ábyrgð á varnargirðingum. Mast ber einnig ábyrgð á því að farið sé vel með dýr og því verður Mast að finna leiðir til að tryggja fjármagn til að standa straum af kostnaði við þessa vinnu vinnu. Önytar girðingar og girðingar sem er illa haldið við skapa mikla hættu fyrir menn og dýr og því óforsvaranlegt af Mast að hafi þessa hluti í ólagi.

## **3. Erindi frá Búnaðarsambandi Austurlands**

### **Varnarlínur**

Búnaðarþing 2010 hvetur landbúnaðarráðherra til að fella úr gildi auglýsingu nr. 793/2009 um varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma. Búnaðarþing fer þess jafnframt á leit við ráðherra að framvegis verði tryggt að farið sé í öllum atriðum að lögum og fylgt eðlilegri málsmeðferð stjórnsýslu þegar Matvælastofnun tekur ákvarðanir sem lúta að breytingum á sauðfjárveikivarnarlínunum eða veitir heimildir til flutnings lífdýra milli varnarhólfa.

### **Greinargerð**

Komið hefur fram, m.a. í ítarlegum greinaskrifum Sigurðar Sigurðarsonar fyrrverandi dýralæknis sauðfjársjúkdóma í nýlegum tölublaðum Bændablaðsins, og í erindum hagsmunaaðila sem send hafa verið til ráðherra vegna ákvörðunar um að leggja niður fjölda varnarlína, hversu miklar brotalamir eru á þeirri stjórnsýslumeðferð sem að baki ofangreindri auglýsingu liggur. Vafi á lögmæti ákvarðana og slæm stjórnsýsla kalla tvímælalaust á tafarlausa niðurfellingu auglýsingarinnar.

Vert er að benda á, að endurtekin dæmi sýna hversu varlega þarf að fara þegar létt er á höftum sauðfjárveikivarna og hversu mikilvægt er að fórna ekki mikilvægum langtímahagsmunum, sem byggðir hafa verið upp með samstöðu bænda og miklum opinberum tilkostnaði m.a. í tengslum við niðurskurð fjölda búfjárhjarða til að tryggja heilbrigði fjárstofna tiltekinna varnarhólfa, fyrir smávægilega skammtímahagsmunum.

Nauðsynlegt er að stjórnvöld hafi fullt samráð við bændur á viðkomandi svæðum þegar fjallað er um hugsanlegar breytingar á varnarlínunum og varnarhólfum, vegna reynslu þeirra og þekkingar á aðstæðum heima fyrir.

## **Ályktun**

### **Varnarlínur vegna búfjársjúkdóma**

Búnaðarþing 2010 leggur áherslu á eftirfarandi atriði varðandi varnarlínur vegna búfjársjúkdóma.

1. Tryggt verði fjármagn til eðlilegs viðhalds varnargirðinga.
2. Aflagðar girðingar verði fjarlægðar án tafar.
3. Séu fyrirhugaðar breytingar á varnarlínunum verði slíkt kynnt á fræðslufundum með bændum á viðkomandi svæðum og rökstuðningur að baki breytingunum kynntur rækilega.
4. Komið verði upp gagnagrunni um dreifingu búfjársjúkdóma svo bændur geti öðlast skýra sýn á ástand mála.
5. Áherslur MAST í vörnum gegn búfjársjúkdómum verði ávallt vel kynntar og aðgengilegar.

Arnheiður D. Einarsdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson,  
Jóhann Ragnarsson, Marteinn Njálsson,  
Pétur Diðriksson, Smári Borgarsson,  
Skúli Þórðarson Sveinn Ingvarsson.

## **4. Samskipti við Matvælastofnun**

### **Erindi frá Búnaðarsambandi Austurlands**

#### **Matvælastofnun MAST - samskipti**

Búnaðarþing 2010 felur stjórn BÍ að taka til umræðu við sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra starfshætti og stjórnsýslu Matvælastofnunar í þeim tilgangi að bæta samskipti sem þessi stofnun á við einstaklinga

og aðrar stofnanir sem starfa í landbúnaði.

#### **Greinargerð**

Á síðustu árum hafa komið upp fjölmörg tilvik þar sem kemur fram veruleg óánægja með samskipti við Matvælastofnun. Með einhverjum ráðum þarf að freista þess að laga þetta ástand þannig að meiri lipurð og skilningur ríki milli manna.

-----

Erindi kemur ekki úr nefnd.

## **5. Sameining ráðuneyta**

### **1. Erindi frá Búnaðarsambandi Austurlands**

#### **Sameining ráðuneyta - Ráðuneyti**

Búnaðarþing 2010 skorar á ríkisvaldið að hætta við fyrirhugaða sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis annars vegar og iðnaðarráðuneytis hins vegar og huga frekar að því með hvaða hætti megi efla þessa mikilvægu atvinnuvegi og ráðuneyti þeirra.

#### **Greinargerð**

Fram undir 1969 var eitt ráðuneyti atvinnumála á Íslandi og komust menn þá að því að það væri hvorki hentugt né skilvirkt fyrirkomulag fyrir eflingu atvinnuveganna. Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að efla atvinnuvegi okkar og þá ekki síst landbúnað og sjávarútveg. Það skýtur því skökku við að hverfa aftur til þess fyrirkomulags sem ekki þótti nógu gott fyrir fjörutíu árum síðan og væri nær að afturkalla þann samruna og breytingar sem gerðar hafa verið á landbúnaðarráðuneytinu á allra síðustu misserum.

### **2. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarness**

#### **Fyrirhuguð sameining ráðuneyta**

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 mótmælir harðlega fyrirhugaðri sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis við iðnaðarráðuneytið.

#### **Leiðir**

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið er það ráðuneyti sem fer með málefni þeirra greina sem eru meginstoðir atvinnulífsins í dreifðum byggðum landsins. Mikil hagsmunabarátta er framundan og því er sameining þessara ráðuneyta ekki á nokkurn hátt tímabær.

#### **Framgangur**

Ályktun send til forsætisráðherra, fjármálaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

### **3. Erindi Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda**

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda beinir því til búnaðarþings 2010 að mótmæla harðlega öllum hugmyndum um sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis í eitt atvinnuvegaráðuneyti.

Mikilvægt er að treysta faglegt starf og sérhæfingu þeirra ráðuneyta sem fara með málefni grunnatvinnuvega þjóðarinnar.

### **4. Erindi Landssamtaka sauðfjárbændna**

#### **Markmið**

Að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið starfi áfram sem sjálfstætt ráðuneyti.

#### **Leiðir**

Stjórn BÍ beiti sér fyrir því að tekið verði tillit til sjónarmiða landbúnaðarins við endurskipulagningu stjórnarráðsins.

### **Framgangur máls**

Stjórn BÍ kynni málið fyrir stjórnvöldum.

### **Rökstuðningur**

Fyrir liggur að landbúnaður og sjávarútvegur munu á næstu árum gegna mikilvægara hlutverki en nokkru sinni fyrr við að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar og afla gjaldeyrstekna til að standa undir skuldbindingum hennar. Það er því frekar þörf á því að leggja meiri en minni áherslu á þennan málaflokk.

Í annan stað er þekkt staðreynd að sameining og endurskipulagning ríkisstofnana tekur verulegan tíma og orku frá öðrum verkefnum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytin voru sameinuð í eitt árið 2007 en það var fyrst árið 2009 að hið sameinaða ráðuneyti flutti undir eitt þak. Að byrja nýja sameiningu nú væri fráleitt, ekki síst á sama tíma og stjórnvöld hafa sótt um aðild að ESB þar sem sjávarútvegur og landbúnaður verða umfangsmiklir og erfiðir málaflokkar við að fást. Að ætla sér að endurskipuleggja ráðuneytið á sama tíma og það þarf að nota alla sína orku í að verja hagsmuni Íslands mun aðeins valda málaflokkum þess tjóni.

### **Ályktun**

#### **Sameining ráðuneyta**

### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 mótmælir harðlega fyrirhugaðri sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis við iðnaðarráðuneytið.

### **Leiðir**

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið er það ráðuneyti sem fer með málefni þeirra greina sem eru meginstoðir atvinnulífs í dreifðum byggðum landsins. Mikil hagsmunabarátta er framundan og því er sameining þessara ráðuneyta ekki á nokkurn hátt tímabær.

### **Framgangur**

Ályktun send til forsætisráðherra, fjármálaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Arnheiður D. Einarsdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson,  
Jóhann Ragnarsson, Marteinn Njálsson,  
Pétur Diðriksson, Smári Borgarsson,  
Skúli Þórðarson, Sveinn Ingvarsson.

## **6. Háhraðanetsband í dreifbýli**

### **Erindi Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda**

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á búnaðarþing 2010 að fylgja því vel eftir að sú áætlun sem gerð var til að koma upp öflugu háhraða netsambandi í öllu dreifbýli landsins gangi eftir. Er þá bæði lítið til tímaáætlunar og gæða netsambands.

### **Ályktun**

#### **Háhraðanetsband í dreifbýli**

### **Markmið**

Að koma upp öflugu háhraðanetsbandi í öllu dreifbýli landsins.

### **Leiðir**

Stjórnvöld framfylgi áætlunum sem gerðar hafa verið um háhraða netvæðingu dreifbýlis. Stjórnvöld setji lágmarkskröfur um gæði háhraða nettenginga, ásamt því að sjá til þess að þjónustuaðilar á einstökum svæðum uppfylli þær kröfur.

### **Framgangur máls**

Búnaðarþing 2010 felur stjórn BÍ að fylgja málinu eftir við yfirvöld samgöngumála.

Arnheiður D. Einarsdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson,  
Jóhann Ragnarsson, Marteinn Njálsson,  
Pétur Diðriksson, Smári Borgarsson,  
Skúli Þórðarson, Sveinn Ingvarsson.

## 7. Samskipti bænda og neytenda

### Erindi Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á búnaðarþing 2010 að þakka íslenskum neytendum það traust sem þeir hafa sýnt íslenskum bændum og þær góðu viðtökur sem íslenskar landbúnaðarvörur hafa fengið. Íslenskir bændur munu halda áfram að tryggja íslenskum neytendum hollar gæðavörur á sanngjörnu verði.

-----

Erindi kemur ekki úr nefnd.

## 8. Jarðalög

### Frá stjórn Bændasamtaka Íslands, skv. bókun stjórnarfundar 17. febrúar 2010

"Stjórnin ræddi sérstaklega hvort mál nr. 8 Jarðalög og nr. 14 Aðfangaverð - gagnagrunnur, sem send voru inn í nafni Samtaka ungra bænda, væru þingtæk. Niðurstaðan varð sú að leggja málin fyrir þingið".

### Erindi Samtaka ungra bænda

#### Jarðalög

Búnaðarþing 2010 beinir því til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að jarða- og ábúðarlög verði endurskoðuð með það í huga að tryggja landbúnaði á Íslandi nauðsynlegan aðgang að jarðnæði.

#### Greinagerð

Nauðsynlegt er með tilliti til matvælaöryggis að nýta þá auðlind sem felst í jarðnæði til framleiðslu matvæla. Undanfarin ár hefur verð jarða hækkað mjög og í flestum tilfellum verið svo hátt að almennur búrekstur stendur alls ekki undir slíkum skuldbindingum. Það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir framtíð íslensks landbúnaðar að kynslóðaskipti geti varla farið fram á jörðum nema með allt að því óeðlilegum afsláttarkjörum.

-----

Erindi kemur ekki úr nefnd.

## 9. Hnitsetning á landamerkjum jarða

### 1. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarness

#### Hnitsetning

Skráning og hnitsetning landamerkja jarða

#### Markmið

Búnaðarþing 2010 ályktar að viðskipti með land og jarðir þurfi að skrá með nákvæmum hætti, þ.e. hnitsetja landamerki, til að tryggja réttarvernd og eyða óvissu um stærð og staðsetningu. Með breyttum vinnubrögðum er minni hætt á að upplýsingar séu rangar, mistök gerð og að upp komi deilur á milli aðila.

#### Leiðir

1. Dómsmálaráðherra beiti sér fyrir endurskoðun á skráningu kaupsamninga og afsala í þinglýsingarbækur.
2. Dómsmálaráðherra beiti sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum, ef þarf.
3. Átak verði gert í miðlægum skráningum landamerkja.

## **Framgangur**

Ályktunin send dómsmálaráðherra.  
Kynnt Landssamtökum landeiganda.

## **Greinargerð**

Búnaðarþing 2010 telur nauðsynlegt að breyta lögum um fasteignakaup þannig að eigendaskipti á jörðum og jarðahlutum verði óheimil nema fyrir liggi hnitsett og samþykkt landamerki þeirra. Slíkt ákvæði er nauðsynleg réttarvernd og ætti að vera gagnlegt til að koma í veg fyrir ágreining sem rísa kann við túlkun óskýrra landamerkjabréfa eftir að eigendaskipti hafa orðið, milli kaupenda, seljenda og eigenda aðliggjandi jarða.

Það er óviðunandi þegar jarðir ganga kaupum og sölum að ekki liggi fyrir með sannanlegum hætti nákvæm skilgreining á hinu selda. Landamerkjaskrár jarða sem gerðar voru fyrir rúmri öld síðan uppfylla sjaldnast það skilyrði. Lagabreyting þessa efnis ætti að gera viðskipti með jarðir markvissari og koma í veg fyrir óþarfa deilur sem upp kunna að rísa vegna ófullnægjandi þekkingar á landamerkjum sem skráð eru í hinum gömlu og oft ófullkomnu landamerkjaskrá.

## **2. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarness**

### **Loftmyndagrunnur**

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 telur brýnt að ríkið tryggi aðgengi að opinberum loftmyndagrunni. Loftmyndagrunnar eru nýttir í margvíslegum tilgangi og má þar nefna hnitsetningu landamerkja, örnefnaamerkingu og staðsetningu mannvirkja. Aðgengi að loftmyndagrunni þarf að vera einfalt til að tryggja áreiðanleika og hagkvæmni.

#### **Leiðir**

Ríkið bjóði út eða standi að gerð og rekstri loftmyndagrunns.

### **Framgangur**

Ályktunin send umhverfiráðherra.

## **Ályktun**

### **Hnitsetning á landamerkjum jarða**

#### **Markmið**

Skráning og hnitsetning landamerkja jarða er lokamarkmiðið. Í byrjun er eðlilegt að gera þá kröfu að viðskipti með lönd og jarðir skuli skrá með hnitsettum landamerkjum til að tryggja réttarvernd og eyða óvissu um stærð og staðsetningu.

#### **Leiðir**

Dómsmálaráðherra beiti sér fyrir endurskoðun á skráningu kaupsamninga og afsala í þinglýsingarbækur. Þessar upplýsingar skulu vera tiltækar á tölvutæku formi.

Dómsmálaráðherra beiti sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum.

Endanleg hnitsetning skal viðurkennd og undirrituð af eigendum aðliggjandi jarða.

Átak verði gert í miðlægum skráningum landamerkja.

### **Framgangur máls**

Ályktunin verði send dómsmálaráðherra, Landssamtökum landeigenda og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Arnheiður D. Einarsdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson,  
Jóhann Ragnarsson, Marteinn Njálsson,  
Pétur Diðriksson, Smári Borgarsson,  
Skúli Þórðarson, Sveinn Ingvarsson.

## 10. Réttarstaða eigenda sameignarjarða

### Erindi Búnaðarsambands Suðurlands

Búnaðarþing 2010 beinir því til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að fram fari ítarleg skoðun á réttarstöðu eigenda sameignarjarða og hvort núverandi lagaumhverfi standi eðlilegri nýtingu slíks jarðnæðis fyrir þrifum. Búnaðarþing telur ný réttarúrræði nauðsynleg til að greiða úr ágreiningi milli einstakra sameigenda.

### Greinargerð

Í jarðalögum númer 65/1976 voru ákvæði sem unnt var að beita í málum sem upp komu vegna eignarhalds og nýtingar á sameignarjörðum. Með nýjum jarðalögum númer 81/2004 var reynt að samræma eins og unnt var eignarrétt og umsýslu jarða þeim lögum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf. Í lögunum frá 2004 var meðal annars slakað verulega á þeim takmörkunum á ráðstöfunarrétti jarðareigenda sem voru til staðar í lögunum frá 1976 og í þau vantar ákvæði sem beitt yrði í deilumálum um sameignarjarðir.

### Ályktun

### Réttarstaða eigenda sameignarjarða

### Markmið

Greining á réttarstöðu eigenda sameignarjarða.

### Leiðir

Fram fari ítarleg skoðun á réttarstöðu eigenda sameignarjarða. Ef nauðsynlegt reynist þarf að finna ný réttarúrræði til þess að greiða úr ágreiningi, sem upp kann að koma, á milli einstakra sameigenda.

### Framgangur máls

Stjórn Bændasamtaka Íslands fylgi málinu eftir við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Arnheiður D. Einarsdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson,  
Jóhann Ragnarsson, Marteinn Njálsson,  
Pétur Diðriksson, Smári Borgarsson,  
Skúli Þórðarson, Sveinn Ingvarsson.

## 11. Raforkuverð

### 1. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarness

#### Niðurgreiðslur á rafmagni

#### Markmið

Búnaðarþing 2010 skorar á Bændasamtök Íslands að berjast fyrir því að niðurgreiðslur á raforku á köldum svæðum verði færðar að raungildi upphafsárs niðurgreiðslna. Einnig er brýnt að beita dreifingaraðila raforku þrýstingi til að stuðla að því að skapa meira öryggi í dreifingu raforku en nú er til staðar en slíkt getur skipt miklu máli fyrir starfandi fyrirtæki í dreifðum byggðum landsins.

#### Leiðir

Bændasamtök Íslands vinni áfram að lausnum á raforkumálum bænda.

#### Framganga

Ályktun send til stjórnar Bændasamtaka Íslands.

### 2. Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga

#### Raforkuverð

Búnaðarþing 2010 mótmælir harðlega hækkunum á raforkukostnaði í sveitum landsins vegna hækkana Rarik á verði fyrir dreifingu á raforku. Jafnframt er þess krafist að gætt verði jafnræðis í gjaldskrá milli dreifbýlis og þéttbýlis.

#### Greinargerð

Gjald fyrir dreifingu á raforku hefur tvöfaldast á síðustu 4 árum og auk þess hefur Rarik tilkynnt um tíu prósentu hækkun á dreifingarkostnaði fyrir árið 2010.

Það er með öllu ólíðandi að fyrirtækjum í dreifbýli sé gert að greiða liðlega 36% hærra verð en þéttbýlisbúum fyrir dreifingu rafmagns. Þessi verðmunur sýnir samkeppnishæfni fyrirtækja, t.d. í úrvinnslugreinum og ferðaþjónustu. Óeðlilegt er að stórnotendur í landbúnaði greiði hærra verð á kwst fyrir dreifingu en íbúar í þéttbýli.

### **3. Erindi Landssamtaka sauðfjárbænda**

#### **Raforkukostnaður**

##### **Markmið**

Að jafna raforkuverð í landinu.

##### **Leiðir**

Að þrýsta á stjórnvöld að við endurskoðun raforkulaga verði tryggður sem mestur jöfnuður á raforkuverði í landinu.

##### **Framgangur máls**

Stjórn BÍ verði falið að vinna að framgangi málsins gagnvart stjórnvöldum.

#### **Rökstuðningur**

Frá því að núverandi flutningsjöfnunarkerfi á verði raforku tók gildi 1. janúar 2005 hafa fjárframlög til flutningsjöfnunar á verði raforku og til niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar ekki fylgt aukinni raforkunotkun og hækkun verðlags. Raforkukostnaðurinn er því orðinn óbærilegur fyrir hinar dreifðu byggðir.

#### **Ályktun**

##### **Raforkuverð**

##### **Markmið**

Lækka raforkukostnað og auka gæði og afhendingaröryggi raforku í dreifbýli.

##### **Leiðir**

- Að niðurgreiðslur á raforku á köldum svæðum verði færðar að raungildi upphafsárs niðurgreiðslnanna.
- Að gæði og afhendingaröryggi raforku á landsbyggðinni verði tryggt.
- Að við yfirstandandi endurskoðun raforkulaga verði tryggður jöfnuður á raforkuverði í landinu.

##### **Framgangur**

Að stjórn BÍ beiti sér í málinu.

Árni Brynjólfsson, Guðný H. Jakobsdóttir,  
Guðný Helga Björnsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir,  
Gunnar Þorgeirsson, Jóhann Nikulásson,  
Jóhannes Ævar Jónsson

## **12. Fjármál bænda**

### **1. Erindi Búnaðarsambands Eyjafjarðar**

#### **Fjármál bænda**

Búnaðarsamband Eyjafjarðar beinir því til Búnaðarþings 2010 að beita sér fyrir varanlegri leiðréttingu á skuldastöðu bænda. Stjórn BSE tekur heilshugar undir ályktun stjórnar Bændasamtaka Íslands frá 9. desember 2009 um tafarlausar aðgerðir í málefnum skuldsettra búa.

#### **Ályktunin stjórnar BÍ er eftirfarandi:**

Gengisfelling íslensku krónunnar og efnahagshrunið við fall íslensku bankanna hefur kollvarpað forsendum allra fjárskuldbindinga í landbúnaði undanfarin ár.

Þetta gerist í kjölfar mikillar uppbyggingar í sveitum, – mikilla framkvæmda í byggingum, kvótakaupum og tækniuppbyggingu, í nær öllum greinum landbúnaðar.

Vísitöluhækkun innlendra lána og hækkun myntkórfulána vegna gengisfalls

krónunnar veldur því að eðlilegur rekstur fjölmargra búa er fjarri því að rísa undir þeim skuldum sem á þeim hvílir nú eftir hrunið. Skuldir hæfra rekstrareininga verður að færa niður að greiðslugetu þeirra. Það er algerlega óeðlilegt að reikna virði eigna búa með öðrum hætti en út frá þeim rekstri



sem þar er stundaður. Á tímabilinu 2004-2007 hækkuðu bújarðir mjög í verði. Virði þeirra endurspeglaði takmarkað framboð og auðveldan aðgang að fjármagni og lýsti á engan hátt virði þeirra í landbúnaðar framleiðslu. Botninn er nú dottinn úr þessum markaði og afar ólíklegt er að svipað ástand skapist aftur á komandi árum. Því er mótmælt harðlega að leiðréttingar lána séu miðaðar við ímyndað markaðsverð eigna en ekki getu búrekstrarins til að standa straum af afborgunum. Ekki má meðhöndla jarðeignir með öðrum hætti en eignir fyrirtækja almennt. Það er eindregin áskorun Bændasamtaka Íslands til lánastofnana; a: Að höfuðstóll lána verði almennt leiðréttur, til að tryggja greiðsluvilja og gæði lánasafna, til lengri tíma. b: Þar sem leiðrétting höfuðstóls dugar ekki. Verði greiðslubyrði (höfuðstóll) fjárskuldbindinga bænda færð að greiðslugetu búreksturs almennt, samkvæmt ítarlegri búrekstraráætlun sem sýni fram á eðlilega rekstrarafkomu fyrir fjármagnsliði og afskriftir. Því er algerlega hafnað að skuldir umfram það séu lagðar á reksturinn vegna ímyndaðs virðis jarða í fasteignabólunni. Sé ekki orðið við þessari áskorun er ekki annað hægt en að ráða bændum frá að semja við bankana enda er aðstoða þeirra samkvæmt þeim tilboðum bankanna, sem kynnt hafa verið, vonlaus. Ef efnahagsástandið batnar ekki hvíla á rekstrinum skuldir sem hann getur ekki staðið undir. Ef efnahagsástandið batnar og markaður skapast aftur fyrir bújarðir vofir sú hættu yfir, að bankarnir sjái sér leik á borði að virkja skuldir umfram greiðslugetu og krefjist nauðungarsölu til að innleysa eignir sínar. Í báðum tilfellum virðist staða bóndans betri ef farið er í gjaldþrot strax. Útlánatap í landbúnaði eru í sögulegu samhengi lítið og hafa ber í huga að heimili og búrekstur er samtengdur. Því er mikilvægt að sátt náist um úrlausnir með hagsmuni lánastofnana og bænda.

Sampykkt á stjórnarfundum BSE 20. janúar 2010

## **2. Erindi Landssamtaka sauðfjárbænda Rekstrarumhverfi landbúnaðarins**

### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 hvarmar hversu hægt hefur gengið að leita varanlegra lausna á skuldavanda bænda. Lögð er áhersla á að hraða sem mest vinnu við fjármálalega endurskipulagningu hjá bændum með það að markmiði að tryggja rekstrarumhverfi íslensks landbúnaðar.

### **Leiðir**

Skoða þarf möguleika á afskriftum lána og lækkun vaxta. Mikilvægt er að greiðslubyrði taki mið af veltu búanna og við mat á veðhæfni jarða sé notað raunhæft verðmat. Ljóst er að jarðaverð hefur og mun lækka eitthvað, líkt og gerst hefur á fasteignamarkaði.

Mikilvægt er að allir lánadrottinnar komi að slíkri endurskipulagningu, bankar, kaupleigufyrirtæki, lífeyrissjóðir o.fl.

### **Framgangur máls**

Stjórn BÍ haldi áfram viðræðum við fjármálastofnanir.

## **3. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarness**

### **Skuldamál bænda**

#### **Markmið**

Búnaðarþing lýsir yfir áhyggjum sínum af skuldastöðu bænda og því að ekki hefur ennþá tekist að finna viðunandi lausn á þeim vanda sem af henni leiðir.

#### **Leiðir**

Halda áfram markvissri vinnu til að leita lausna og aðstoða bændur í skuldavanda.

Nauðsynlegt er að þessar lausnir komi sem fyrst til að tryggja áframhaldandi búvöruframleiðslu í landinu og þar með matvælaöryggi þjóðarinnar.

Leitast verði við að tryggja áframhaldi nýtingu og rekstur nýlegra fjárfestinga.

#### **Framganga**

Ályktunin send til lánastofnana.

Bændasamtök Íslands haldi áfram að beita sér fyrir því að tryggja bændum viðunandi lausn í sínum skuldamálum.

## **4. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarness**

### **Afkoma bænda**

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 vekur athygli á að stöðugt versnandi afkoma bænda kallar á viðtækar aðgerðir til að bæta rekstur þeirra. Rekstrarvörur hafa hækkað mikið, ekki síst í kjölfar mikils gengisfalls,

skattbyrði hefur aukist, raungildi ríkisstuðnings dregist saman og vextir haldast gríðarhár án þess afurðaverð hafi hækkað. Við þessari stöðu þarf að bregðast á ýmsan hátt, ekki síst með bættum rekstri.

#### **Leiðir**

Spara þarf aðföng eftir því sem kostur er, ná betri nýtingu fjárfestinga, sér í lagi í vélum, viðhafa virkt aðhald með verðlagningu á helstu aðföngum. Til að slíkt megi fram ganga þarf að leita samstarfs við stoðkerfi landbúnaðarins og jafnframt gera þá kröfu að verkefnaval þess miðist fyrst og fremst við að bæta afkomu bænda í bráð og lengd.

#### **Framgangur**

Búnaðarþing felur stjórn Bændasamtaka Íslands að leiða til samstarfs leiðbeiningaþjónustuna, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins og eftir atvikum fleiri aðila með ofangreind markmið í huga.

#### **Ályktun**

#### **Fjármál bænda**

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 krefst tafarlausra almennra leiðréttinga á lánum, að öðrum kosti blasir við að enn fleiri bændur lendi í greiðsluferfiðleikum.

Einnig krefst þingið tafarlausra úrlausna á skuldavanda þeirra búa sem rekstrarhæf voru fyrir bankahrun, en eru nú komin í greiðsluvanda.

#### **Leiðir**

Við mótun þessara aðgerða þarf m.a. að taka tillit til eftirtalinna atriða

- Beitt verði almennri niðurfærslu höfuðstóls lána.
- Rekstrarhæfum einingum verði boðið upp á framtíðarlausnir á lánamálum, óháð bústærð.
- Viðurkennd verði sú staðreynd að mismunandi rekstrareiningar þurfi mismunandi lausnir.
- Skilmálar fjármálagjörninga verði skýrir, skerði ekki réttindi sem kunna að skapast við seinni tíma úrskurði og/eða dóma og hefti ekki eðlilega framþróun í rekstrinum.
- Skuldaaðlögun byggji ávallt á raunhæfu mati á greiðslugetu óháð bústærð.
- Meta þarf veðhæfi jarðeigna útfrá eðlilegu verðmæti rekstrarins eins og það er í dag.
- Við mat á greiðslugetu verði tekið tillit til eðlilegrar launakröfu og nauðsynlegrar endurnýjunar rekstrarbúnaðar og fastafjármuna.

#### **Framgangur**

Búnaðarþing 2010 leggur áherslu á að stjórn BÍ beiti sér af fullum þunga í málinu.

Bændasamtök Íslands fylgi eftir fordæmisgefandi málum, vinni að gerð lykildagna við úrlausn og endurskoðun lánamála.

Árni Brynjólfsson, Guðný H. Jakobsdóttir,  
Guðný Helga Björnsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir,  
Gunnar Þorgeirsson, Jóhann Nikulásson,  
Jóhannes Ævar Jónsson.

### **13. Verð á dýralyfjum**

#### **1. Erindi Svínaræktarfélags Íslands**

##### **Lyfjaverð**

##### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 fer fram á að gerð verði könnun á verði dýralyfja hér á landi í samanburði við nágrannalöndin. Samhliða því verði farið yfir skilgreiningar á bætiefnum og lyfjum.

##### **Leiðir**

Mætuvælastofnun (Mast) beri saman verð á dýralyfjum í nágrannalöndunum og á Íslandi. Sé um mikinn mun að ræða sé Mast falið að kalla eftir skýringum hjá innflytjendum og varpa ljósi á þær reglugerðir sem gætu stuðlað að svo háu lyfjaverði. Einnig verði Mast falið að fara yfir skilgreiningar á bætiefnum og lyfjum.

##### **Greinagerð**

Bændur hafa lengi talið verð á dýralyfjum vera of hátt á Íslandi. Einnig hefur verið misbrestur á

innflutningi á algengum bóluefnum. Varpa þarf ljósi á í hverju þessi munur á verði felst og af hverju birgðir séu ekki tryggðar hjá innflytjendum. Skilgreina þarf upp á nýtt bætiefni og lyf. Það að bætiefni séu oft seld sem lyf hér á landi en ekki erlendis hindrar mjög aðgengi bænda að þessum efnum og gerir þau dýrari í innkaupum.

## **2. Erindi Landssamtaka sauðfjárbænda**

### **Lyfjakostnaður bænda**

#### **Markmið**

Að lækka lyfjakostnað bænda

#### **Leiðir**

Búnaðarþing 2010 felur stjórn samtakanna að skipa þriggja manna starfshóp sem verði falið að skoða allar færar leiðir til að lækka kostnað bænda við kaup á dýrallyfjum.

Verkefni hans verði m.a:

1. Að gera samanburð á útsöluverði helstu algengra dýrallyfja hérlendis og í nágrannalöndunum.
2. Að skoða verðþróun á dýrallyfjum innanlands undanfarin ár og heildsölu og smásöluálagningu.
3. Að kanna hvaða dýrallyf eru ekki lyfseðilskyld og hvort bændum almennt standi til boða að kaupa þau á kjörum samkvæmt því.
4. Að gera tillögur um breytt fyrirkomulag eða lagabreytingar sem leitt gæti til lækkunar á lyfjakostnaði bænda.

#### **Framgangur máls**

Stjórn BÍ skipi hópinn sem fyrst og hlutist til um að hann fái þá sérfræðiaðstoð við vinnu sína sem nauðsynleg er.

#### **Ályktun**

#### **Verð á dýrallyfjum**

#### **Markmið**

Að lækka lyfjakostnað í búrekstri.

#### **Leiðir**

Búnaðarþing 2010 felur stjórn samtakanna að skipa þriggja manna starfshóp sem verði falið að skoða allar færar leiðir til að lækka kostnað bænda við kaup á dýrallyfjum.

Verkefni hans verði m.a.:

1. Að gera samanburð á útsöluverði algengra dýrallyfja hérlendis og í nágrannalöndunum og kanna orsakir sé verðmunur mikill.
2. Að skoða verðþróun á dýrallyfjum innanlands.
3. Að kanna hvaða dýrallyf eru lyfseðilskyld.
4. Að gera tillögur um breytingar sem leitt gætu til lækkunar á lyfjakostnaði.
5. Að farið verði yfir skilgreiningar á bætiefnum og lyfjum.

#### **Framgangur**

Stjórn BÍ skipi starfshópin sem fyrst til að vinna að framgangi málsins og hlutist til um að hann fái þá sérfræðiaðstoð við vinnu sína sem nauðsynleg er. Æskilegt er að niðurstaða starfshópsins liggi fyrir á næsta Búnaðarþingi.

Árni Brynjólfsson, Guðný H. Jakobsdóttir,  
Guðný Helga Björnsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir,  
Gunnar Þorgeirsson, Jóhann Nikulásson,  
Jóhannes Ævar Jónsson.

## **14. Aðfangaverð – gagnagrunnur**

### **Frá stjórn Bændasamtaka Íslands, skv. bókun stjórnarfundar 17. febrúar 2010**

"Stjórnin ræddi sérstaklega hvort mál nr. 8 Jarðalög og nr. 14 Aðfangaverð - gagnagrunnur, sem send voru inn í nafni Samtaka ungra bænda, væru þingtæk. Niðurstaðan varð sú að leggja málin fyrir þingið".

### **Erindi frá Samtökum ungra bænda**

### **Aðfangaverð**

Búnaðarþing 2010 beinir því til stjórnar BÍ að koma á miðlægum gagnagrunni með raunverði á aðföngum og rekstrarvörum til bænda.

### **Greinargerð**

Æskilegt yrði að aðfangagrunnurinn yrði staðsettur á vefnum þannig að sem flestir bændur hafi góðan aðgang að honum. Með því móti væri hægt að ná meira magni af upplýsingum og þar af leiðandi heildstæðari sýn á það verð sem er markaðnum á hinum ýmsu aðföngum. Heppilegt væri að hver aðili gæti lagt fram upplýsingar inn í gagnagrunninn nafnlaust, með því móti yrði án efa auðveldara að fá bændur til að taka þátt í slíku starfi. Upplýsingarnar mætti síðan birta vefsíðu Bændasamtakanna. Með þessari aðgerð væri hægt að veita þeim aðilum sem sjá bændum fyrir sínum rekstrarvörum meira aðhald í verðlagningu á vörum sínum.

### **Ályktun**

#### **Aðfangaverð - gagnagrunnur**

#### **Markmið:**

Auka upplýsingagjöf til bænda um verð á rekstrarvörum til landbúnaðarframleiðslu og styrkja þar með samkeppni á þeim markaði.

#### **Leiðir:**

BÍ láti gera reglulegar verðkannanir á rekstrarvörum til bænda og birta þær ásamt niðurstöðum á þróun aðfangaverðs. Gögn úr gagnagrunnum BÍ verði nýtt í sama tilgangi sem og aðrar opinberar upplýsingar um verð á aðföngum til landbúnaðar.

#### **Framgangur:**

Stjórn BÍ feli ákveðnum aðilum að annast framkvæmd verksins og vera í samstarfi við allar búgreinar um hvaða vörutegundir æskilegt sé að fylgjast með og hve oft.

Árni Brynjólfsson, Guðný H. Jakobsdóttir,  
Guðný Helga Björnsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir,  
Gunnar Þorgeirsson, Jóhann Nikulásson,  
Jóhannes Ævar Jónsson.

## **15. Áburðarverð**

### **Erindi frá Búnaðarsambandi Austurlands**

Búnaðarþing 2010 skorar á áburðarsala að gefa nú þegar út áburðarverð og væntir þess að það verð verði í samræmi við þær lækkanir sem orðið hafa á heimsmarkaðsverði.

### **Greinargerð**

Þar sem áburður er svo stór kostnaðarliður í rekstri bænda er afar mikilvægt að fá hugmyndir um verð sem allra fyrst og ekki ásættanlegt að óvissa ríki um það mikið lengur.

-----  
**Niðurstaða máls:** Erindi dregið til baka

## **16. Sölusamtök sláturleyfishafa**

### **Erindi frá Búnaðarsambandi Austurlands**

#### **Sölusamtök**

Búnaðarþing 2010 hvetur til þess að sláturleyfishafar myndi með sér sölusamband um útflutning á lambakjöti til að hámarka skilaverð til bænda.

### **Greinargerð**

Þetta var gert á Nýja-Sjálandi fyrir mörgum árum síðan og skilaði bændum mun hærra verði en áður. Dæmi eru um að undirboð sláturleyfishafa héraendis hafi skaðað eða eyðilagt útflutningsmarkaði, til dæmis í Japan, Danmörku og nú síðast skaðað Færeyjamarkaðinn.

## Ályktun

### Sölusamtök sláturleyfishafa

#### Markmið

Auka samkeppnishæfni íslenskra kjötafurða.

#### Leiðir

Breyta búvörulögum þannig að kjötafurðastöðvar fái sambærilega heimild til hagræðingar með samruna og/eða samstarfi eins og afurðastöðvar í mjólkuriðnaði hafa nú þegar. Nauðsynlegt er að ná fram meiri hagræðingu á kjötmarkaði vegna aukinnar samkeppni erlendis frá vegna millirikjasamninga.

#### Framgangur

Búnaðarþing skorar á Alþingi að breyta búvörulögum og beinir því til stjórnar BÍ og stjórnarmanna afurðastöðva að fylgja málinu eftir.

Árni Brynjólfsson, Guðný H. Jakobsdóttir,  
Guðný Helga Björnsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir,  
Gunnar Þorgeirsson, Jóhann Nikulásson.  
Jóhannes Ævar Jónsson

## 17. Aðildarumsókn að ESB

### 1. Erindi búnaðarsambands Húnaþings og Stranda

Umsókn um aðild að ESB verði dregin til baka

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á búnaðarþing 2010 að beina því til stjórnvalda að umsókn Íslands um aðild að ESB verði dregin til baka.

### 2. Erindi Landssamtaka sauðfjárbænda

#### Evrópumál

#### Markmið

Að halda áfram uppi öflugri andstöðu við aðild Íslands að Evrópusambandinu.

#### Leiðir

Unnið verði áfram að því að kynna sjónarmið bænda um ESB á meðal almennings og leitað samstarfs um það við aðra hagsmunaaðila hérlendis og erlendis eftir þörfum. Jafnframt verði fylgst vel með vinnu stjórnvalda við undirbúning og framgang aðildarviðræðna.

#### Framgangur máls

Stjórn BÍ verði falið að halda utan um málið. Búnaðarþing fagnar góðu starfi BÍ í þessari baráttu á undanförunum misserum.

### 3. Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga

#### Aðild að ESB

Búnaðarþing 2010 leggst eindregið gegn inngöngu Íslands í ESB og krefst þess að aðildarumsókn Íslands verði dregin til baka.

#### Greinargerð

Ljóst er að aðild Íslands að ESB mun hafa mjög neikvæð áhrif á íslenskan landbúnað. Allar líkur eru á því að þjóðin muni hafna aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu og aðildarviðræður eru því einungis peningasóun og tefja vinnu við endurreisn Íslands eftir bankahrunið.

## Ályktun

### Aðildarumsókn að ESB

#### Yfirlýsing Búnaðarþings 2010

Búnaðarþing 2010 ítrekar andstöðu sína við aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þingið lýsir fullum stuðningi við áherslur Bændasamtakanna og felur stjórn BÍ að gæta áfram hagsmuna bænda í hvívetna, vera áfram leiðandi í umræðu um áhrif ESB aðildar á landbúnað og byggja áfram á faglegri þekkingaröflun. Þingið brýnir jafnframt alla bændur og aðra velunnara íslensks landbúnaðar að taka þátt í umræðunni af fullum þunga.

Efnisleg rök Bændasamtakanna gegn aðild hafa ekki verið hrakin. Verði aðild að ESB að veruleika mun störfum í landbúnaði og tengdum greinum fækka stórlega en það leiðir til mikillar röskunar í byggðum þar sem landbúnaður er undirstaða atvinnu. Aðild mun einnig hafa verulega neikvæð áhrif á fæðu- og matvælaöryggi landsins. Þorri landsmanna er sammála bændum. Það endurspeglast í nýrri skoðanakönnun Capacent sem leiðir í ljós að rúm 84% þjóðarinnar telja að það skipti öllu eða miklu máli að vera ekki öðrum þjóðum háð um landbúnaðarafurðir. Aðildarumsókn Íslands að ESB skapar mikla óvissu í starfsumhverfi landbúnaðarins og dregur þróttinn úr nauðsynlegri endurnýjun og framþróun þann langa tíma sem umsóknarferlið mun standa. Í ljósi alls þessa er farsælast að stjórnvöld dragi aðildarumsóknina nú þegar til baka.

Ástæða er til þess að hafa miklar áhyggjur af hvernig stjórnvöld halda á hagsmunum þjóðarinnar í umsóknarferlinu. Íslensk stjórnsýsla er undirmönnuð og vanbúin til að takast á við þetta verkefni eins og m.a. er vikið að í nýrri skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um aðildarumsókn Íslands. Athyglisvert er að í áður nefndri skoðanakönnun Capacent treystir aðeins ríflega fjórðungur þjóðarinnar stjórnvöldum vel til þess að halda á hagsmunum Íslands í þessu máli. Eins telur Búnaðarþing ekki fullreynt að ná megi samkomulagi við ESB um samstarf í efnahags og peningamálum á grundvelli EES samningsins.

Búnaðarþing telur að fulltrúar samtakanna í samningahópum stjórnvalda þurfi að starfa þar áfram undir formerkjum þeirra varnarlína sem stjórn BÍ kynnti á formannafundi sl. haust. Áframhaldandi þátttaka í samningahópum felur ekki í sér ábyrgð á samningaferlinu.

Egill Sigurðsson, Georg Ottósson,  
Guðbjörg Jónsdóttir, Jóhannes Sigfússon,  
Jón Magnús Jónsson, Karvel Karvelsson,  
Sig. Sindri Sigurgeirsson, Sigurbjartur Pálsson,  
Sigurður Loftsson, Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir,  
Edda Björnsdóttir.

## 18. Tímasetning búnaðarþings

### 1. Erindi frá Búnaðarsambandi Austurlands

Búnaðarþing 2010 leggur til að kannaðir verði kostir þess að halda búnaðarþing seinna en nú er gert til að aðildarfélög og búnaðarsambönd geti áður lokið aðalfundum sínum og vakið þannig athygli á þörfum málum til að leggja fyrir þingið.

#### **Greinargerð**

Það er eðlileg boðleið að rödd grasrótarinnar skili sér inn á búnaðarþing. Þess vegna færi betur að aðildarfélög og búnaðarsambönd héldu fyrst aðalfundi sína; þannig væri hlustað best eftir því sem heitast brennur á bændastéttinni. Það er kostnaðarsamt fyrir búnaðarsambönd að boða til sérstakra funda með bændum og búnaðarþingsfulltrúum til að leita eftir slíku. Hætt er við að mikilvæg mál fari hjá garði ef ekki verður breyting á.

### 2. Erindi frá Landssambandi kúabænda

Búnaðarþing beinir því til stjórnar Bændasamtaka Íslands að fara yfir skipulag og tímasetningu búnaðarþings með það fyrir augum að styrkja störf þess og skilvirkni. Gögn stjórnar um málið skulu lögð fyrir búnaðarþing 2011 til frekari umfjöllunar.

#### **Greinargerð**

Búnaðarþing er aðalfundur og fer þar með um leið með æðsta vald Bændasamtaka Íslands. Það skipulag sem þingið býr við á sér langa sögu og yfir því er virðuleikablær sem skapar því ákveðna sérstöðu. Hins vegar er spurning hvort þetta fyrirkomulag Búnaðarþings virki orðið hamlandi á störf þess, þegar horft er til þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á íslensku samfélagi síðustu áratugi. Í þessu sambandi er m.a. bent á eftirfarandi atriði til skoðunar:

Að einfalda fundaformið til þeirrar áttar sem gerist á hefðbundnum aðalfundum. Þingið verði haldið seinna á vetrinum þannig að aðildarsamböndin fái betra tækifæri að ljúka sínum aðalfundum á undan því. Skoðað verði hvort skilvirkari vinna fái af starfi þingsins með því að skipta því í tvennt, annarsvegar í vetrarlok og hins vegar í vetrarbyrjun.

## Ályktun

### Tímasetning Búnaðarþings

#### Markmið

Búnaðarþing 2010 samþykkir að tímasetning Búnaðarþings verði óbreytt.

#### Leiðir

Búnaðarþing hvetur aðildarfélög sín til að efla fundahöld í aðdraganda Búnaðarþings. Með því fengist fram öflugra bakland fyrir búnaðarþingsfulltrúa og vandaðri undirbúningur mála sem lögð eru fyrir Búnaðarþing.

#### Framgangur máls

Að Bændasamtökin sendi aðildarfélögum sínum tillöguna.

Árni V. Kristjánsson, Einar Ófeigur Björnsson,  
Guðmundur Davíðsson, Guðrún Lárusdóttir,  
Sveinbjörn Þ. Sigurðsson, Örn Bergsson.

## 19. Félagskerfi bænda

### 1. Erindi frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

#### Markmið

Búnaðarþing 2010 telur nauðsynlegt að félagskerfi bænda verði tekið til gagn Gerrar endurskoðunar með einföldun og hagræðingu að leiðarljósi. Endurskoðun félagskerfisins miði að skilvirkum og sterkum samtökum bænda sem verði öflugur málsvari stéttarinnar.

#### Leiðir

- ° Lækka kostnað af rekstri félagskerfis.
- ° Einfalda aðild að Bændasamtökum Íslands.
- ° Hver félagsmaður hafi sem virkust áhrif innan BÍ.

#### Framgangur

Stjórn BÍ, stjórnir búgreinafélaga og búnaðarsambanda komi saman og finni færar leiðir til að einfalda félagskerfi bænda án þess að veikja það.

### 2. Erindi Búnaðarsambands Suðurlands

#### Félagskerfi bænda

Búnaðarþing 2010 beinir því til stjórnar BÍ, búnaðarsambandanna og búgreinafélaganna að fram fari endurskoðun á félagskerfi bænda til einföldunar og hagræðingar.

-----

Erindi kemur ekki úr nefnd.

## 20. Búnaðargjald

### 1. Erindi Búnaðarsambands Suðurlands

Búnaðarþing 2010 beinir því til stjórnar BÍ að forsendur innheimtu búnaðargjalds verði endurskoðaðar með lækkun búnaðargjalds sem markmið.

### 2. Starfshópur BÍ

Ályktun starfshóps BÍ mun liggja fyrir þinginu.

## **Ályktun**

### **Búnaðargjald**

#### **Markmið:**

Búnaðarþing 2010 samþykkir að endurskoða innheimtu búnaðargjalds

#### **Leiðir:**

Skipuð verði fimm manna starfsnefnd sem hafi eftirfarandi starfssvið:  
Finna leið til að lækka búnaðargjald;  
Skoða leiðir til að fjármagna með öðrum hætti félagskerfi bænda.

#### **Framgangur máls:**

Stjórn BÍ skipi nefndina tveimur fulltrúum frá búgreinafélögum og tveimur frá búnaðarsamböndunum, auk eins fulltrúa frá BÍ sem jafnframt verði formaður nefndarinnar. Nefndin hafi víðtækt samráð við aðildarfélög BÍ.

Árni V. Kristjánsson, Einar Ófeigur Björnsson,  
Guðmundur Davíðsson, Guðrún Lárusdóttir,  
Sveinbjörn P. Sigurðsson, Örn Bergsson.

## **21. Kynjahlutföll í stjórnnum og nefndum BÍ**

### **Erindi Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda Jafnrétti**

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á búnaðarþing 2010 að skoða hvort ástæða sé til þess að BÍ taki upp reglur um kynjahlutföll í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum þess.

-----

Máli vísað til stjórnar.

## **22. Orlofsíbúðir BÍ**

### **Erindi Landssamtaka sauðfjárbænda Orlofsstarf BÍ/Orlofsíbúð BÍ í Reykjavík**

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 samþykkir að kanna þörf á því að kaupa eða leigja aðra íbúð á vegum BÍ fyrir bændur þar sem aðsókn í núverandi íbúð er mjög mikil.

#### **Leiðir**

Meta þörf á að kaupa eða leigja aðra íbúð á höfuðborgarsvæðinu.

#### **Framgangur máls**

Búnaðarþing 2010 felur stjórn BÍ að vinna að málinu.

## **Ályktun**

### **Orlofsíbúðir BÍ**

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 samþykkir að kanna þörf á því að kaupa eða leigja aðra íbúð á vegum BÍ fyrir bændur þar sem aðsókn í núverandi íbúð er mjög mikil.

#### **Leiðir**



Meta þörf á að kaupa eða leigja aðra íbúð á höfuðborgarsvæðinu.

### **Framgangur máls**

Búnaðarþing 2010 felur stjórn BÍ að vinna að málinu.

Árni V. Kristjánsson, Einar Ófeigur Björnsson,  
Guðmundur Davíðsson, Guðrún Lárusdóttir,  
Sveinbjörn Þ. Sigurðsson, Örn Bergsson.

## **23. Ráðgjafarþjónusta í landbúnaði**

### **1. Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga Búnaðarlagasamningur**

Búnaðarþing 2010 leggur mikla áherslu á að Búnaðarlagasamningur verði endurnýjaður og ekki skertur frekar en orðið er.

#### **Greinargerð**

Núverandi samningur hefur þegar verið skertur verulega sem bitnar m.a. á fjárframlögum til leiðbeiningaþjónustunnar. Mikilvægt er að framlög til ráðgjafarþjónustunnar verði ekki skert umfram það sem þegar er orðið.

### **2. Erindi frá Búnaðarsambandi Suðurlands Endurskipulagning ráðgjafarþjónustu**

Búnaðarþing 2010 beinir því til stjórnar BÍ, búnaðarsambandanna og búgreinafélaganna að markvissri endurskipulagningu ráðgjafarþjónustu á landsvísu verði hraðað.

#### ----- **Ályktun (tvær ályktanir voru gerðar í máli 23)**

#### **Ráðgjafarþjónusta í landbúnaði**

Búnaðarþing 2010 leggur áherslu á að markvissri endurskipulagningu ráðgjafarþjónustu á landsvísu verði hraðað og að allir bændur eigi kost á sérhæfðri þjónustu óháð búsetu. Bændasamtökunum og búnaðarsamböndum verði send ályktunin.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson,  
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson,  
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson.

#### ----- **Ályktun**

#### **Búnaðarlagasamningur**

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 leggur mikla áherslu á að Búnaðarlagasamningur verði endurnýjaður sem fyrst og ekki skertur frekar en orðið er. Búnaðarlagasamningur rennur út á þessu ári. Á sama tíma og hið opinbera gerir auknar kröfur á Bændasamtök Íslands er framlag skert. Sú staða sem nú er uppi er óviðunandi.

#### **Framgangur**

Ályktunin verði send Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, landbúnaðarnefnd Alþingis og fjármálaráðherra.

#### **Leiðir**

Stjórn BÍ falið að fylgja málinu eftir.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson,  
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson,  
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson.

## 24. Framlög til kúasæðinga

### Erindi frá Búnaðarsambandi Austurlands

Búnaðarþing 2010 samþykkir að taka til endurskoðunar reglur um úthlutun framlags til kúasæðinga og þar verði tekið tillit til þess að talsverður munur er eftir landsvæðum hve kostnaðarsamt er að halda þessari þjónustu úti.

-----

### Ályktun

#### Framlög til kúasæðinga

##### Markmið

Búnaðarþing 2010 fagnar því að starfandi sé starfshópur á vegum LK og BÍ sem fer yfir skipulag og stuðningsform kúasæðinga á Íslandi.

Við þá endurskoðun verður að taka tillit til mismunandi aðstæðna í landshlutum vegna vegalengda milli búa.

##### Framgangur

Tillagan send fyrirnefndum starfshópi.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson,  
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson,  
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson.

## 25. Lög og reglur um búfjárhald

### 1. Erindi Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda

#### Búfjárhald

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á búnaðarþing 2010 að skoða hvort þörf sé fyrir að endurskoða lög um búfjárhald svo auðveldara verði að koma í veg fyrir slæma meðferð búfjár og refsá þeim sem slíkt gera.

### 2. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarness

#### Lög og reglur um búfjárhald

##### Markmið

Búnaðarþing 2010 telur nauðsynlegt að endurskoðuð verði lög um búfjárhald o.fl. 2002 nr. 103 15. maí og reglugerðir sem þar er vísað til.

##### Leiðir

° Samhliða breytingum á eftirlitsdýralæknakerfinu er eðlilegt að fram fari endurskoðun á núverandi búfjárefirliti.

° Gera verður kröfur að eftirliti sé annars vegar einfalt og hóflega dýrt í framkvæmd og hins vegar árangursríkt í því að koma í veg fyrir dýraníðslu.

° Mikilvægt er því að herða reglur um brot og gera það mögulegt að svipta búfjáreigendur leyfi til búfjárhalds þegar um er að ræða alvarlega eða ítrekaða vanrækslu.

##### Framgangur

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra vinni að slíkri endurskoðun með bændum og öðrum hagsmunadílum.

##### Greinargerð

Núverandi fyrirkomulag búfjárefirlits er umfangsmikið og dýrt. Þó hefur eftirlitið reynt alls ófært um að taka á alvarlegum vandamálum sem upp hafa komið. Því er eðlilegt að samhliða væntanlegum breytingum á eftirlitsdýralæknakerfinu fari fram gagnger endurskoðun á fyrirkomulagi búfjárefirlits. Mikilvægt er að herða reglur um brot og gera það mögulegt að svipta búfjáreigendur leyfi til búfjárhalds þegar um er að ræða alvarlega eða ítrekaða vanrækslu.

### 3. Erindi Landssamtaka sauðfjábænda

#### Búfjárhald

##### Markmið

Að skilgreina betur ábyrgð yfirvalda þegar grípa þarf inn í búrekstur þar sem velferð dýra er ábótavant. Verklag í þess konar málum þarf að vera skýrt og öllum aðilum ljóst hvaða úrræði eru fyrir hendi.

#### **Leiðir**

Að þessi sjónarmið verði tekin til umfjöllunar við endurskoðun dýraverndarlaga og dýraverndarákvæða laga um búfjárhald sem nú stendur yfir.

#### **Framgangur máls**

Stjórn BÍ komi þessari stefnu á framfæri við stjórnvöld.

### **4. Erindi frá Búnaðarsambandi Austurlands**

#### **Búfjárhald og dýravernd**

Búnaðarþing 2010 beinir því til löggjafarvaldsins að hraða endurskoðun á lögum um búfjárhald nr. 103/2002 og lögum um dýravernd nr. 15/1994 og tryggja að með nýjum lögum komist á skýr reglusetning um hvað gera skal þegar búfjáreigendur verða uppvísir að brotum á lögum þessum. Tekið verði á slíkum málum með samræmdum hætti og viðurlögum fylgt eftir, þannig að ekki sé hætt á að slík brot endurtaki sig.

#### **Greinargerð**

Búskapur á Íslandi hefur á sér gott orð og er undantekningalítið stundaður með ábyrgum hætti. Í einstaka tilfellum þarf að grípa til aðgerða, þegar umhirðu og aðbúnaði dýra er ábótavant og þá er nauðsynlegt að málsmeðferð sé skýr og skilvirk og ljóst sé hvert skal tilkynna meint brot og hver beri ábyrgð á að slík mál fái viðunandi lyktir.

### **5. Erindi frá Búnaðarsambandi Suðurlands**

#### **Búfjárhald**

Búnaðarþing 2010 beinir því til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að lög og reglugerðir sem eiga að tryggja velferð búfjár, forðagæslu og eftirlit, verði endurskoðuð.

#### **Ályktun**

#### **Lög og reglur um búfjárhald**

#### **Markmið**

Búnaðarþing krefst þess að endurskoðun á lögum um búfjárhald og dýravernd verði hraðað.

#### **Leiðir**

Við þá endurskoðun leggur Búnaðarþing áherslu á að eftirlitið verði einfalt og skilvirkt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir slæma meðferð búfjár.

Mikilvægt er að herða viðurlög og lögfesta ákvæði sem gera yfirvöldum kleift að svipta búfjáreigendur rétti til búfjárhalds á fljótvirkan hátt, þegar um alvarleg brot er að ræða.

#### **Framgangur**

Tillagan verði send sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis og MAST.

Samrit sent búgreinafélögum.

Bændasamtök Íslands fylgi málinu eftir.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson,  
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson,  
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson.

## **26. Dýralæknaþjónusta í dreifbýli**

### **1. Erindi Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda**

#### **Dýralæknaþjónusta**

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á búnaðarþing 2010 að sjá til þess að fyrirhugaðar breytingar á skipulagi dýralæknaþjónustu í landinu leiði ekki til þess að dýralæknaþjónusta í dreifðum byggðum skerðist á nokkurn hátt frá því sem verið hefur.

### **2. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarness**

#### **Dýralæknaþjónusta í dreifðum byggðum landsins**

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 leggur áherslu á tryggt verði að dýralæknaþjónusta verði ekki skert frá því sem verið hefur, með dýravelferð og aðgengi dýraeiganda að dýralæknaþjónustu í huga.

#### **Leiðir**

- ° MAST þarf að tryggja að ávallt sé dýralæknir á vakt í öllum héruðum landsins.
- ° Tryggja þarf að fjarlægðir frá næsta dýralækni séu ekki meiri en svo að ekki varði við dýravelferð að bíða eftir að dýralæknir komi í útkall.
- ° Koma þarf til móts við þá sem búa fjærst þjónustu dýralækna með því að nýta heimildir um ávísun og afhendingu dýralækna til varðveislu hjá bændum.

#### **Framgangur**

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Mast send ályktunin.

#### **Ályktun**

##### **Dýralæknþjónusta í dreifbýli**

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 leggur áherslu á við framkvæmd laga nr. 143/2009 að dýralæknþjónusta í dreifbýli skerðist ekki frá því sem verið hefur.

#### **Leiðir**

MAST þarf að tryggja að ávallt sé dýralæknir á vakt í öllum héruðum landsins samkv. 38. grein laga nr. 178/2002.

Tryggja þarf að vegalengdir séu ekki meiri en svo að löng bið eftir dýralækni varði við dýravelferð. Koma þarf til móts við þá sem búa fjærst þjónustu dýralækna með því að nýta heimildir um ávísun og afhendingu dýralækna til varðveislu hjá bændum.

Kynna þarf betur reglugerð um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum.

Tryggt verði fjármagn til staðaruppbótar fyrir þá dýralækna sem sitja strjálbýl svæði.

#### **Framgangur**

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og MAST send ályktunin. Stjórn BÍ falið að fylgja málinu eftir.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson,  
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson,  
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson.

## **27. Uppruni íslenskra búfjárstofna**

### **Eriandi Bst. Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarness**

#### **Uppruni búfjárstofna**

Alþjóðleg viðurkenning á upprunalandi íslenskra búfjárstofna

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 skorar á Erfðanefnd landbúnaðarins að beita sér fyrir því að fá viðurkenningu á því að íslensk búfjáarkyn séu upprunaleg landnámskyn þ.e. að fá viðurkenningu á því að Ísland sé upprunaland þeirra.

#### **Leiðir**

° Árangursríkast til að viðhalda búfjárstofnum er að viðhalda þeim í framleiðslu. Slíkt er ekki sjálfsagður hlutur og hafa lítil búfjáarkyn því átt erfitt uppdráttar.

° Í mörgum þessara litlu stofna felast erfðafræðileg verðmæti. Sú sérstaða sem íslensk búfjáarkyn hafa umfram önnur smá búfjáarkyn er einangrun þeirra.

° Mikilvægt er að fá viðurkenningu á þeirri sérstöðu á alþjóðlegum vettvangi.

#### **Framganga**

Senda ályktun til Erfðanefndar landbúnaðarins.

#### **Ályktun**

##### **Uppruni íslenskra búfjárstofna**

Búnaðarþing 2010 skorar á Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og Erfðanefnd landbúnaðarins að beita sér fyrir því að fá viðurkenningu á því að íslensk búfjáarkyn séu upprunaleg landnámskyn, þ.e. að Ísland sé upprunaland þeirra.

#### **Greinargerð**

Árangursríkast til að viðhalda búfjárstofnum er að viðhalda þeim í framleiðslu. Slíkt er ekki sjálfsagður hlutur og því hafa lítil búfjáarkyn átt erfitt uppdráttar.

Í mörgum þessara litlu stofna felast erfðaaufliindir. Sú sérstaða sem íslensk búfjáarkyn hafa umfram erlend kyn er einkum einangrun þeirra.

Mikilvægt er að fá viðurkenningu á þeirri sérstöðu og sérkennum á alþjóðlegum vettvangi.

#### **Framgangur**

Ályktun send til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og Erfðanefndar landbúnaðarins. Stjórn BÍ fylgi málinu eftir.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson,  
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson,  
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson.

### **28. Landbúnaðarháskóli Íslands**

#### **Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarness**

##### **Landbúnaðarháskóli Íslands**

##### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 bendir á að öflugt rannsóknar- og fræðslustarf í búvísindum er forsenda þess að hér sé rekin hagkvæm og fjölbreytt búvöruframleiðsla Efla þarf rannsóknir í búfjárrækt, jarðrækt og garðrækt enn frekar sem og kennslu í þessum greinum.

##### **Leiðir**

- ° Tryggja sjálfstæði Landbúnaðarháskóla Íslands.
- ° Treysta rekstrargrundvöll skólans.
- ° Efla rannsóknar- og fræðastarf í búsvísindum.

##### **Framgangur**

Menntamálaráðuneytið gangi frá samningi við Landbúnaðarháskóla Íslands sem tryggi honum viðunandi rekstrartekjur.

Bændasamtök Íslands og Landbúnaðarháskóli Íslands standi fyrir umræðu um stefnumótun í rannsóknum í landbúnaði.

#### **Ályktun**

##### **Landbúnaðarháskóli Íslands**

##### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 bendir á að öflugt rannsóknar- og fræðslustarf í búvísindum er forsenda þess að hér sé rekin hagkvæm og fjölbreytt búvöruframleiðsla Efla þarf rannsóknir í búfjárrækt, jarðrækt og garðrækt enn frekar sem og kennslu í þessum greinum.

##### **Leiðir**

- ° Tryggja sjálfstæði Landbúnaðarháskóla Íslands.
- ° Treysta rekstrargrundvöll skólans.
- ° Efla rannsóknar- og fræðastarf í búsvísindum.
- ° Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þarf að tryggja að þeir fjármunir sem ætlaðir eru til rannsókna í landbúnaði renni óskertir til Lbhí.

##### **Framgangur**

Menntamálaráðuneytið gangi frá samningi við Landbúnaðarháskóla Íslands sem tryggi honum viðunandi rekstrartekjur.

Bændasamtök Íslands og Landbúnaðarháskóli Íslands standi fyrir stefnumótun í rannsóknum í landbúnaði.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson,  
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson,  
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson.

### **29. Útgáfa á fagefni fyrir bændur**

#### **Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og**

#### **Búnaðarsambands Kjalarness**

##### **Útgáfa á fagefni fyrir starfandi bændur**

##### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 telur nauðsynlegt að efla útgáfu á fagefni fyrir starfandi bændur. Verulega dró úr útgáfu fagefnis fyrir landbúnaðinn þegar hætt var að gefa út tímaritið Frey.

### **Leiðir**

Efla útgáfu á bæði innlendu og erlendu faglegu efni í Bændablaðinu í samstarfi við landsráðunauta, ráðunauta búnaðarsambandanna, starfsmenn LbhÍ og annarra fagaðila í landbúnaðinum.

### **Framgangur**

Ályktun send til ritstjórnar Bændablaðsins og stjórnar Bændasamtaka Íslands.

-----  
**Ályktun**

### **Útgáfa á fagefni fyrir bændur**

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 telur nauðsynlegt að efla útgáfu á fagefni fyrir starfandi bændur m.a. vegna þess að verulega dró úr útgáfu fagefnis fyrir landbúnaðinn þegar hætt var að gefa út búnaðarblaðið Frey.

### **Leiðir**

Efla útgáfu á bæði innlendu og erlendu fagefni í samstarfi við landsráðunauta, ráðunauta búnaðarsambandanna, starfsmenn LBHÍ og aðra fagaðila í landbúnaðinum.

### **Framgangur**

Ályktun send til stjórnar Bændasamtaka Íslands og útgáfu- og kynningarsviðs BÍ.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson,  
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson,  
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson.

## **30. Birgðahald dýralyfja**

### **1. Erindi Búnaðarsambands Suðurlands**

#### **Lyfjabirgðir**

Búnaðarþing 2010 beinir því til MAST að fylgst verði með að nægjanlegar birgðir af dýralyfjum séu ávallt til staðar í landinu.

### **2. Erindi frá Sambandi ísl. loðdýrabænda**

Búnaðarþing 2010 skorar á yfirdýralækni og dýralækni loðdýra í samvinnu við Samband íslenskra loðdýrabænda og lyfjainnflytjendur að sjá til þess að ávallt séu til nægar birgðir lyfja í landinu gegn algengustu smitsjúkdómum í mink.

Einnig að búa þannig um hnútana að unnt sé að taka ákvarðanir um innflutning lyfja hratt svo unnt sé að útvega lyf strax og sjúkdómar koma upp.

### **Ályktun**

#### **Birgðahald dýralyfja**

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 skorar á Matvælastofnun og Lyfjastofnun að sjá til þess að hægt verði í neyðartilvikum að nálgast skráð lyf og undanþágulyf með sem skjótustum hætti.

#### **Leiðir**

Hjá MAST þarf að vera til aðgerðaráætlun um hvernig skuli bregðast við í neyð. Lyfjastofnun og MAST þurfa að hafa skýra verkferla vegna innflutnings á lyfjum og lyfjavörum.

#### **Framgangur**

Málið skal sent sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, MAST og Lyfjastofnun. Bændasamtökum Íslands er falið að fylgja málinu eftir.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson,  
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson,  
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson.

## 31. Kynbótastarf í nautgriparækt

### Erindi frá Landssambandi kúabænda

#### Kynbótastarf

Búnaðarþing 2010 vekur athygli á nýjum möguleikum sem skapast hafa í kynbótum nautgripa með tilkomu nýrrar þekkingar við val kynbótagripa. Þessar aðferðir verða hinsvegar ekki nýttar nema hjá stærri kúakynjum og er áhyggjuefni hversu gífurlegur munur verður á aðstæðum stórra og lítilla kúakynja vegna þessa. Því hvetur þingið fagþjónustu landbúnaðarins í samvinnu við hagsmunaaðila að leita allra leiða til að treysta samkeppnisstöðu íslenskrar nautgriparæktar.

#### Greinargerð

Gífurlegar framfarir hafa orðið í kynbótum í nautgriparækt á heimsvísu á seinustu misserum. Við kynbætur á stærstu kúakynjum, sem nýtt eru til mjólkurframleiðslu, er farið að velja kynbótagripi á grunni greininga á erfðamenginu. Þessi aðferð er talin geta aukið kynbótaframfarir um tugi prósentu samanborið við núverandi ræktunarskipulag og er talin vera sambærileg bylting og tilkoma sæðinga var á sínum tíma. Þessi tækni nýtist hinsvegar ekki nema hjá stærstu kúastofnunum og þar sem skýrsluhald er áreiðanlegt. Af þessum völdum má búast við að aðstöðumunur til aukningar afkastagetu og hagkvæmni í mjólkurframleiðslunni milli stórra og lítilla kúakynja muni aukast gríðarlega þeim minni í óhag.

#### Ályktun

### Kynbótastarf í nautgriparækt

#### Markmið

Búnaðarþing 2010 vekur athygli á nýjum möguleikum í erfðatækni sem skapast hafa í kynbótum nautgripa á heimsvísu. Valda þessar aðferðir því að aðstöðumunur til afkastagetu og hagkvæmni í mjólkurframleiðslunni mun aukast gríðarlega kúakynjum með litla stofnstærð í óhag.

#### Leiðir

Því hvetur þingið fagþjónustu landbúnaðarins í samvinnu við hagsmunaaðila að leita allra leiða til að treysta samkeppnisstöðu íslenskrar nautgriparæktar.

#### Framgangur

Tillagan send til Bændasamtaka Íslands.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson,  
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson,  
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson.

## 32. Örmerki í sauðfé

### Erindi frá Búnaðarsambandi Austurlands

#### Örmerki í sauðfé

Búnaðarþing 2010 samþykkir að bændum verði gert skylt að nota örmerki í allt lambfé sem fætt er eftir 1. janúar árið 2011 enda greiði sláturleyfishafar stofnkostnað við kaup á örmerkjum, þar sem innleiðing örmerkingar skapar umtalsverða hagræðingu í sláturhúsum.

#### Greinargerð

Gert verði ráð fyrir að sláturleyfishafar komi að þessu verkefni með því að styrkja örmerkjakaupin. Örmerkið kostar um 200 kr. og er endurnýtanlegt en kaupa þarf plastmerkið á hverju ári, það kostar um 30 kr. og má hugsa sér að það verði greitt á sama hátt og fullorðinsmerkin í dag. Þetta á að vera öllum til hagsbóta og til lengri tíma er kostnaðurinn nánast sá sami og í dag. Gera má ráð fyrir að búnaðarfélag eigi þann búnað sem þarf svo að minnstu fjárbændurnir þurfi ekki að bera kostnað af honum.

## 33. Starfsleyfi í nautgriparækt

### Erindi frá Landssambandi kúabænda

#### Starfsleyfi í nautgriparækt

Búnaðarþing 2010 hvetur Matvælastofnun til að koma nú þegar eftirliti og starfsleyfaútgáfu framleiðenda nautgripaafurða í eðlilegt horf.

### **Greinargerð**

Í 13. Grein reglugerðar „um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annara afurða þeirra“ segir um leyfi til mjólkur og kjötframleiðslu. „Héraðsdýralæknar skulu, hver í sínu umdæmi, annast árlegt eftirlit með heilbrigði og hirðingu allra mjólkurkúa, kálfa og annarra nautgripa hjá mjólkur- og kjötframleiðendum samkvæmt reglugerð þessari. Úttektin skal a.m.k. ná til eftirfarandi þátta: húsakosts, gildandi úttektar mjólkureftirlitsmanns á mjaltakerfi og mjólkurhúsi, gæða vatns í mjólkurhúsi, mjaltaaðstöðu, hreinlætis, umgengni og annars sem að framleiðslunni snýr. Telji héraðsdýralæknir að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð þessari, gefur hann út framleiðsluleyfi fyrir viðkomandi framleiðanda sem veitir honum heimild til sölu nautgripaafurða“. Segja má að þetta eftirlit sé í eðlilegu fari hvað varðar mjólkurframleiðendur og þá kjötframleiðslu sem þeir stunda. Hinsvegar virðist vanta talsvert upp á að svo sé varðandi þá framleiðendur nautgripaafurða sem ekki stunda mjólkurframleiðslu og meðan svo er verður að telja að um mismunun sé að ræða milli framleiðenda. Búnaðarþing skorar á Matvælastofnun að koma þessum málum í eðlilegt horf hið allra fyrsta.

### **Ályktun**

#### **Starfsleyfi í nautgriparækt**

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 hvetur Matvælastofnun til að koma nú þegar eftirliti og útgáfu starfsleyfa framleiðenda nautgripaafurða í eðlilegt horf.

#### **Leiðir**

Skv. 13. gr. reglugerðar um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra.

Framgangur

Matvælastofnun send tillagan. Bí fylgir málinu eftir.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson,  
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson,  
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson.

## **34. Landsmót hestamanna**

### **Erindi frá Félagi hrossabænda**

#### **Landsmót hestamanna**

Búnaðarþing ályktar að stjórn Bændasamtaka Íslands beiti sér fyrir því að landsmót hestamanna verði haldin í dreifbýli, til skiptis á Norður- og Suðurlandi.

### **Greinargerð**

Eftir reynslu undanfarinna ára hefur hið almenna viðhorf verið að farsælast væri að sameinast um tvo mótsstaði, einn fyrir sunnan og annan fyrir norðan. Þannig náist best nýting fjármuna og mannvirkja.

### **Ályktun**

#### **Landsmót hestamanna**

Búnaðarþing 2010 ályktar að stjórn Bændasamtaka Íslands beiti sér fyrir því að landsmót hestamanna verði haldin á landsbyggðinni. Landsmótsstaðir verði tveir, Vindheimamelar í Skagafirði og Gaddstaðaflatir við Hellu.

Jafnframt að skoðað verði hvort ástæða sé til að endurskoða núverandi tilhögun landsmóta með því að skilja sýningarhald kynbótahrossa frá núverandi fyrirkomulagi og halda sér landsmót fyrir kynbótageirann.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson,  
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson,  
Sigbjörn Björnsson.

## **35. Refa- og minkaveiðar**

### **1. Erindi frá Æðarræktarfélagi Íslands um refaveiðar**

#### **Refa- og minkaveiðar**

Æðarræktarfélagið beinir því til búnaðarþings 2010 að það beiti sér fyrir samþykkt tillögu varðandi



áframhaldandi veiðar á ref. Eins og kunnugt er voru uppi hugmyndir á haustþingi Alþingis að hætta þeim. Allar götur frá miðri 13. öld hafa verið í gildi lagaákvæði um fækkun refa. Með sífellt stækkandi sveitarfélögum hefur kostnaður margra þeirra af refaveiðimorðum þeim um megn, því er brýn nauðsyn að ríkið taki að sér stærrí hlut í kostnaðinum en hingað til.

## **2. Erindi frá Æðarræktarfélagi Íslands**

### **Minkaveiðar**

Í lok síðasta árs lauk 3ja ára átaki í minkaveiðum á 2 svæðum á landinu en það var á Snæfellsnesi og við Eyjafjörð. Því miður er ólukið gerð lokaskýrsla um veiðina en af þeim gögnum sem þegar liggja fyrir er ljóst að með aukinni sókn gegn minkunum má fækka honum verulega og jafnvel útrýma úr íslenskri náttúru.

Það er því mikilvægt að þegar á þessu ári verði átakið útvíkkað um land allt og sóknin hert bæði með gildru- og hundaveiðum.

Æðarræktarfélagið skorar á búnaðarþing 2010 að taka þetta mál föstum tókum.

## **3. Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga**

### **Refaveiði**

Búnaðarþing 2010 hvetur stjórnvöld til endurgreiða sveitarfélögum að fullu virðisaukaskatt vegna refaveiða.

### **Greinargerð**

Nauðsynlegt er að halda stofnstærð refs niðri hérlendis. Sauðfjárnændur verða oft fyrir verulegum skakkaföllum af völdum þessa vágests í náttúrunni. Einnig leggst tófan á ýmsar fuglategundir svo sem möfugla og rjúpur. Sjái ríkissjóður sér ekki fært að veita fjárframlög til að halda refastofninum í hóflegri stærð er það lágmarkskrafa að sveitarfélög fái endurgreiddan virðisaukaskatt af veiðunum.

## **4. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarness**

### **Samræming á refa- og minkaveiðum á landsvísu**

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 telur brýnt að tryggja að refa- og minkaveiðum verði sinnt á öllu landinu á sanngjarnan hátt enda er um mikilvægt hagsmunamál fyrir alla þá sem láta sig dýralíf í náttúru Íslands einhverju varða.

#### **Leiðir**

Stuðla að samræmingu á refa- og minkaveiðum á landsvísu í samvinnu við sveitarfélögin. Misjafnar aðstæður í sveitarfélögum í dag gera það að verkum að mjög misjafnt er hvernig staðið er að þessum veiðum.

#### **Framgangur**

Ályktun send til Samtaka Íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisráðuneytisins.

### **Ályktun**

#### **Refa- og minkaveiðar**

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 telur brýnt að tryggt verði fjármagn til refaveiða svo halda megi stofnstærð innan viðráðanlegra marka. Þá verði tryggt fjármagn til minkaveiða og mótuð verði sú stefna að útrýma villimink úr íslenskri náttúru. Þriggja ára tilraunaverkefni með stórauðna sókn í veiðum á villimink hafa sýnt að um raunhæfan möguleika er að ræða.

Hér er um að ræða mikilvægt hagsmunamál fyrir sauðfjárnændur og alla þá sem láta sig dýra- og fuglalíf í náttúru Íslands einhverju varða.

#### **Leiðir**

Ríkið komi í auknum mæli að fjármögnun verkefnisins en það verði áfram í höndum sveitarstjórna. Þá fái sveitarfélögin endurgreiddan virðisaukaskatt af refa- og minkaveiðum.

#### **Framgangur**

Ályktun send til Umhverfisráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fjármálaráðuneytisins.

Guðni Einarsson, Jón Benediktsson, Jónas Helgason,  
Nanna Jónsdóttir, Sveinn Auðunn Sæland.

## 36. Flokkun ræktunarlands

### Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarness

#### Flokkun á ræktuðu landi

##### Markmið

Búnaðarþing 2010 telur brýnt að samræmd skilgreining og flokkun ræktunarlands verði undirbúin og gefin út sem leiðbeiningar við skipulagsvinnu og stefnumótun í landnotkun. Markmið þeirrar vinnu væri að skilgreina hvað og hvar er ræktanlegt land, með langtíma hagsmuni í huga.

##### Leiðir

Umhverfisstjórnuneytið feli Landbúnaðarháskóla Íslands að vinna að flokkun og skilgreiningu ræktanlegs lands fyrir skipulagsyfirlönd.

##### Framgangur

Ályktun send til umhverfisstjórnuneytisins og Skipulagsstofnunar.

#### Ályktun

#### Skilgreining á ræktunarlandi

##### Markmið

Búnaðarþing 2010 telur brýnt að unninn verði viðurkenndur staðall fyrir ræktanlegt land og gefinn út sem leiðbeiningar til nota við skipulagsvinnu og stefnumótun í landnýtingu. Markmið þeirrar vinnu væri að skilgreina hvað og hvar er ræktanlegt land, með langtíma hagsmuni í huga.

##### Leiðir

Umhverfisstjórnuneytið feli Landbúnaðarháskóla Íslands að vinna að gerð staðals fyrir ræktanlegt land fyrir skipulagsyfirlönd.

##### Framgangur

Ályktun send til umhverfisstjórnuneytisins, Skipulagsstofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Guðni Einarsson, Jón Benediktsson, Jónas Helgason,  
Nanna Jónsdóttir, Sveinn Auðunn Sæland.

## 37. Álfthir og gæsir

### 1. Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga

#### Gæsir

Búnaðarþing 2010 skorar á stjórn Bændasamtaka Íslands að vinna að því með fullum þunga að bændum á lögbýlum verði heimilað að skjóta gæsir á ræktuðum eignarlöndum sínum allt árið.

#### Greinargerð

Ágangur gæsa í tún og akra utan veiðitíma er víða orðinn með öllu óviðunandi og veldur stórtjóni. Það er því réttmæt krafa bændna að fá heimild til að verja ræktarlönd sín. Áætluð stofnstærð heiðagæsa er 350.000 fuglar og grágæsar 110.000 fuglar samkvæmt vetrartalningu á Bretlandseyjum.

### 2. Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga

#### Álfthir

Búnaðarþing 2010 leggur til að ákveðin verði æskileg stofnstærð á álfthir. Leyfðar verði veiðar á þeim fuglum sem eru umfram æskilega stofnstærð. Veiðar og veiðileyfi verði einskorðuð við ræktarlönd bændna þar sem ágangur álfthira veldur tjóni.

Jafnframt er því beint til stjórnar Bændasamtaka Íslands að beita sér fyrir því að gerð verði tilraun með að koma upp tálökrum sem hafa það að markmiði að halda vargfugli eins og álfthir á ákveðnum afmörkuðum svæðum fjarri ræktunarlöndum bændna. Sáning og umhirða þessara akra verði alfarið kostuð af Umhverfisstjórnuneyti en eðlilegt er að bresk stjórnvöld greiði hluta kostnaðar þar sem íslenski álfthirstofninn telst sameign Íslendinga og Breta.

#### Greinargerð

Gríðarleg fjölgun hefur orðið á álfthir síðustu áratugi. Talningar á íslenskum álfthir hafa farið fram á vetrarstöðvum fuglanna á Bretlandseyjum. Síðasta stofnmat sem var framkvæmt 2005 sýndi að stofninn hafði líðlega tvöfaldast frá 1980. (um 12.000 fuglar 1980 og 25.000 fuglar 2005). Stærstur hluti þessara fugla er geldfugl sem fer um í stórum hópum en talið er að um 2000 pör verpi hér á landi ár hvert (4000 fuglar). Ræktarlönd bændna hafa fengið að kenna á þessari fjölgun og á hverju

ári verða bændur fyrir þungum bú sífjum vegna ágangs álfta. Tálakrar eru svæði þar sem sáð hefur verið korni eða öðrum gróðri sem álftrir sækja í. Tálakra þarf að staðsetja sem lengst frá ræktunarlöndum bænda og engin skotveiði má vera á svæðinu eða næsta nágrenni en það gildir einnig um veiðar á gæsnum og öndum sem óhjákvæmilega munu sækja á svæðið. Verkefnið verði tilraun til nokkurra ára og unnið í samvinnu bænda og vísindamanna á náttúrufræðistofum sem jafnframt verði gert að meta framgang verkefnisins.

### **Ályktun**

#### **Álftrir og gæsir**

#### **Markmið**

Að minnka tjón á ræktarlöndum bænda.

#### **Leiðir**

Áfram verði unnið að rannsóknum á tjóni af völdum álfta og gæsa. Bændum verði heimilað nú þegar að verja sín ræktunarlönd fyrir gæs allt árið með skotveiði þar sem augljóst er að tjón er verulegt af þeirra völdum.

#### **Framgangur**

Ályktunin send til umhverfisráðherra og fylgt eftir af stjórn BÍ.

## **38. Kornrækt**

### **1. Erindi Félag kjúklingabænda**

#### **Kornrækt**

Almennur félagsfundur í Félagi kjúklingabænda haldinn á Hótel Sögu 14. janúar 2010, skorar á Búnaðarþing að hlutast til um að nægt fjármagn fái tilraunir og þróunarvinnu í ræktun korns og hveitis sem nýtast muni til alifuglaeldis.

### **2. Frá Svínaræktarfélagi Íslands**

#### **Stuðningur við kornrækt**

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 felur stjórn BÍ að láta vinna úttekt á því hvernig stuðningi við kornrækt er háttað í nágrannalöndunum (Skandinavíu). Samhliða því verði unnið að skipulagi kornræktar og samningu reglna sem lúta að fyrirkomulagi þess stuðnings sem starfseminni er ætlað að búa við. Lögð verði áhersla á að stuðningur við kornrækt hér á landi verði ekki lakari en í nágrannalöndunum.

#### **Leiðir**

Bændasamtökin beiti sér fyrir því að gerð verði eða framkvæmi sjálf könnun á því hvernig styrkjum til kornræktar sé háttað í nágrannalöndunum. Bændasamtökin þrýsti á um að komið verði á samskonar styrkjum hér og í nágrannalöndunum.

#### **Greinargerð**

Kornrækt á Íslandi hefur aukist gríðarlega á síðustu árum vegna hlýnandi veðurfars og bættra yrkja. Framleidd voru um 16 þúsund tonn af byggi á síðasta ári en talið er að fjórfalda megi þá framleiðslu. Þróa þarf íslenskan landbúnað á næstu árum í þá átt að hann auki matvælaöryggi þjóðarinnar og er stuðningur við kornrækt mikilvægur í því samhengi. Ekki er útlit fyrir að íslenska krónan styrkist á næstunni og því mun verðið sem bændur greiða fyrir innflutt fóður væntanlega ekki lækka mikið á næstunni. Fyrir þjóðarbúið er sparnaður á gjaldeyri og fleiri störf einmitt það sem þarf á næstu misserum. Því ætti vera mikill skilningur hjá ráðamönnum varðandi stuðning við kornrækt.

### **Ályktun**

#### **Kornrækt**

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2010 fagnar þeim tilraunum sem í gangi eru við ræktun á hveiti og hýðislausu byggi á vegum LbhÍ. Þá lýsir þingið yfir ánægju með að vinna sé hafin á vegum nefndar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um fyrirkomulag kornræktar á Íslandi.

#### **Leiðir**

Stjórn Bændasamtaka Íslands beiti sér fyrir því að tilraunaverkefnið verði styrkt af sjóðum landbúnaðarins.

#### **Framgangur**

Málið sent til stjórnar BÍ, LbhÍ, Félags kornbænda og Félags svínabænda.

Guðni Einarsson, Jón Benediktsson, Jónas Helgason,  
Nanna Jónsdóttir, Sveinn Auðunn Sæland.

### 39. Geymslurými fyrir búfjáraburð

#### Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga

#### Breyting á reglugerð 804/1999

Búnaðarþing 2010 leggur til að umhverfisráðherra framlengi um 5 ár bráðabirgðaákvæði reglugerðar nr. 804/1999, sem mælir fyrir um frestun á gildistöku ákvæðis 6. greinar sömu reglugerðar varðandi 6 mánaða geymslurými fyrir búfjáraburð.

#### Greinargerð

Útilokað er fyrir bændur að stofna til byggingarframkvæmda á meðan það efnahags- og óvissuástand varir sem nú er.

Jafnframt verði fresturinn nýttur til að kanna möguleika og arðsemi nýtingar á hauggasi til orkuvinnslu.

#### Ályktun

#### Geymslurými fyrir búfjáraburð

#### Markmið

Búnaðarþing 2010 vekur athygli á að í ljósi efnahagsástands mun reynast óframkvæmanlegt fyrir suma bændur að uppfylla skilyrði um geymslurými í náinni framtíð.

#### Leiðir

Umhverfisráðherra framlengi ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 804/1999 þar sem mælt er fyrir um frestun á gildistöku ákvæðis 6. greinar sömu reglugerðar varðandi 6 mánaða geymslurými fyrir búfjáraburð.

#### Framgangur

Stjórn Bændasamtaka Íslands fylgi málinu eftir.

Guðni Einarsson, Jón Benediktsson, Jónas Helgason,  
Nanna Jónsdóttir, Sveinn Auðunn Sæland.

### 40. Stefnumörkun varðandi náms- og dvalarkostnað

#### Ályktun

#### Stefnumörkun varðandi náms- og dvalarkostnað

#### Markmið

Að öll ungmenni hafi jafna möguleika til að stunda framhaldsnám óháð búsetu.

#### Leiðir

Aukið fjármagn til greiðslu jöfnunarstyrkja vegna framhaldsnáms.

Skoða þarf í reglugerð um jöfnunarstyrki t.d.:

-úthlutunarreglur um dvalar- og akstursstyrki

-hvort ástæða sé til að setja inn nýjan flokk "sérstakur ferðakostnaður" fyrir þá sem þurfa að fara lengri vegalengdir

#### Framgangur máls

Að stjórn Bændasamtaka Íslands yfirfari reglugerðir um jöfnunarstyrki og komi með breytingartillögur sem sendist menntamálaráðherra.

Árni V. Kristjánsson, Einar Ófeigur Björnsson,  
Guðmundur Davíðsson, Guðrún Lárusdóttir,  
Sveinbjörn Þ. Sigurðsson, Örn Bergsson.

